

Nd.

297. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

Stafliður c. í 2. tölul. 3. gr. laganna orðist svo :

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur meiri en 4500 kr., að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem er á framfæri hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Greinargerð.

Í lögum nr. 42, 4. júní 1924, er svo fyrir mælt, að sjúkrasamlagsmaður megi ekki hafa meiri árstekjur en 3000 kr. auk sömu dýrtíðaruppbótar, sem starfsmenn ríkisins njóta á hverjum tíma, að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir.

Þegar lögín frá 1924 voru samþykkt, voru dýrtíðarbætur 52%, eða hámarkslaunin með dýrtíðarbótum 4560 kr., en við lækkun dýrtíðarbótanna, sem nú eru 34%, hafa hámarkslaunin fallið niður í 4120 kr. Afleiðingin verður bersýnilega fækkun þeirra manna, sem í samlögum eru, og hnignun sjóðanna. Í sömu átt vinnur og kauphækkun einhleyptra manna eða þeirra, sem einn eða engan ómaga hafa og komast yfir hámark árslauna eftir nefndum lögum.

Rjett er, að löggjöfin styðji fremur að fjölgun samlagsmanna en fækkun, og að því miðuðu lögín frá 1924, þótt lækkun dýrtíðarbótanna hafi leitt til fækkunar þeirra. Hjer er lagt til að fara sem næst því hámarki, sem þá var sett, hvað sem dýrtíðarbótum liður, og miða við 4500 kr. árstekjur, hverjar sem eru.